

Til Allsherjar- og menntamálanefndar alþingis.

Reykjavík 30. 4. 2024.

Vegna afgreiðslu nefndarinnar á frumvarpi til breytinga á lögum um sviðslistir.

Góðan dag,

Stutt athugasemd vegna frumvarps um breytingar á sviðslistalögum. Undirritaður kom að upphafi þessa máls sem sérfræðingur, var kallaður til starfa í menntamálaráðuneyti er endurskoðunarferli sviðslistalaganna hófst 2020.

Umbreyting á sviðslistalögum hefur síðan verið í ítarlegu ferli og ráðherra og ráðuneytið lagt mikla vinnu í að greina þær lagabætur sem í vændum eru fáist samþykki þingmeirihluta til.

Ég tel þessar breytingar til mikilla framfara almennt séð í sviðslistamálum á Íslandi, öllum þáttum sviðslista til heilla, ekki síst þeirri þjónustu sem ríkissjóður hefur af metnaði sinnt af hugsjón sem á upphaf sitt til Sigurðar Guðmundssonar og lærlings hans Indriða Einarssonar. Allsherjar og menntamálanefnd er í minnst tveim málum að halda uppi merki borgarlegrar menningar á Íslandi sem er í grunninn arfur þjóðfrelsisbaráttu nítjándu aldar forkólfa sjálfstæðisbaráttunnar.

Eitt smáatriði tel ég rétt að nefndin hugi að: Þjóðleikhússtjóri skal vera yfirmaður og ábyrgðarmaður starfs í Þjóðleikhúsi og undir hann heyrir óperustjóri. Nú er það svo að skipunarbréf núverandi þjóðleikhússtjóra er til fimm ára, en hann var ráðinn eftir tilskilið ferli frá 1. Janúar 2020 og lýkur skipun hans í lok þessa árs.

Í ljósi þess að veruleg breyting verður á starfi Þjóðleikhússtjóra með því sem í vændum er tel ég að kanna þurfi hvort eðli breyttrar og nýrrar ábyrgðar starfsins (aukin umsvif, viðbótarfjármagn til rekstrar allt að 600 milljónum er fram í sækir) kalli á að hafið verði yfir allan vafa hvort ráðherra sé heimilt að nýta endurskipunarrétt sinn til ráðningar Magnúsar næstu fimm ár frá 1. Janúar 2025 eða hvort auglýsa verði starfið að nýju að breyttu breytanda.

Ég tek fram að í þessari athugasemd felst engin dómur um þann einstakling sem um ræðir, einungis að það umboð sem starfandi embættismañni er falið frá og með 1. Janúar sé fullgilt og í samræmi við lög um starfsmenn ríkisins.

Ég dreg ekki dul á að innan sviðslistageirans hefur þessi staða verið til umræðu og því sé nefndinni brýnt að láta kanna hjá sérfræðingum sínum það álitamál sem hér um ræðir og fylgja niðurstöðum þeirrar könnunar eftir í umsögn sinni þingi og ráðherra til leiðbeiningar.

Vinsamlegast, Páll Baldvin Baldvinsson